

Hættumat skip og bátar

Verkþáttur: Aðgerð/vinnuferli	Viðfangsefni:	Unnið af:			Dags.:	
	Áhættuatriði: Möguleg slys, heilsutjón, álagssjúkdómar, óhöpp	Orsakir:	Líkur: 1 mjög litlar 2 litlar 3 meðal 4 miklar 5 mjög miklar	Alvarleiki: 1 mjög lítil 2 lítil 3 meðal 4 mikill 5 mjög mikill	Áhætta: Líkur * Alvarleiki 1 - 25	Forvarnir/úrbætur: Fyrirbyggjandi aðgerðir

Leiðbeiningar um gerð hættumats

Hér til hliðar má sjá þau ferli sem fara þarf í gegnum við hættumat.

Fyrir hvern verkþátt þarf að gera heildar hættumat á helstu þáttum vinnuumhverfisins.

Meta þarf:


- Vinnusvæði og gönguleiðir
- Vinnuaðstöðu og vinnuaðferðir
- Vinnu við vélar og tæki
- Notkun og geymslu efna
- Umhverfisþætti – veður/sjólág, hita/kulda, birtu, hávaða, o.s.frv.
- Líkamsbeitingu og líkamlegt álag
- Félagslegt vinnuumhverfi og andlega þætti

Við hættumat í skipi er lagt til að notað sé meðfylgjandi eyðublað en fjöldi eyðublaða sem þarf að nota getur verið mismikill eftir stærð skips og umfangi starfseminnar um borð.

Hver verkþáttur er tekinn fyrir og vinnuaðstæður skoðaðar. Við hvern verkþátt skal skrá þá hættu sem talin er vera til staðar og mögulegar orsakir fyrir hættunni.

Reiknið út áhættu (líkur*alvarleiki) og skráið þær forvarnir/úrbætur sem þarf að gera til að minnka hættuna.

Þar sem áhættan er mjög mikil (10-25) þarf að bregðast strax við og koma á úrbótum eða viðhafa forvarnir til að minnka áhættuna.



Samkvæmt reglugerð nr. 200/2007 „ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum“ skal vinnuveitandi sjá til þess að framkvæmt sé hættumat vegna öryggis og hollustu á vinnustað. Reglugerðin gildir um alla vinnu sem fer fram um borð í skipum.